

Ed.

162. Tillaga

til þingsályktunar um að gera blindum mönnum hægara fyrir um afnot útvarps.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um:

1. Að fátækum blindum mönnum verði veitt undanþága frá að greiða afnotagjald af útvarpsviðtækjum, eftir tillögum stjórnar Blindravinafélags Íslands.
2. Að Blindravinafélagi Íslands verði fengin ókeypis allt að 10 viðtæki til afnota fyrir blinda menn, eftir reglum, sem ríkisstjórnin setur um útlán þeirra.

Greinargerð.

Engum mönnum getur útvarp orðið að jafnmiklu liði og skemmtun eins og blindum mönnum, og þarf ekki að færa fyrir því nein rök. Hinsvegar eru margir þeirra, af eðlilegum ástæðum, bláfátækir og hafa enga möguleika til þess að bera þann kostnað, sem af þessu leiðir. Nokkrir blindir menn hafa þó eignast viðtæki, og er hér farið fram á, að þeir verði ekki krafðir um afnotagjald. En hinum, sem ekki eru svo heppnir að eignast sjálf tækin, er ekki hægt að hjálpa með öðru móti en því, að lána þeim tæki. Er Blindravinafélag Íslands, eða stjórn þess, sjálfkjörinn aðili til þess að annast þetta, og myndi hún gæta þess, að þessi hjálpssemi þess opinbera yrði ekki misnotuð.